

## Fyrirkomulag við verkefnið betri ljós í Eyja og Miklaholtshrepp.

### Ljósleiðaravæðing sveitarfélagsins.

Verkefnið hefst í ágúst 2015 og á að vera lokið í síðasta lagi í lok júní 2016.

Flest hús og fyrirtæki í sveitarfélaginu geta fengið tengingu.

- Tenging kostar kr. 186.000,- m. Vsk þar til verkefninu lýkur.
- Heimili þar sem lögheimili er skráð fær tengingu án endurgjalds. Þeir sem sækja um tengingu eftir að verkefninu líkur 2016 greiða allir tenginguna að fullu. Ekki verður leyft að sú tenging fari annað en í það hús. Kaupa verður sér tengingu í önnur hús og eru útihús þar með talin. Hægt að sækja um undanþágu til hreppsnefndar ef um nokkur minni hús er að ræða og litla notkun.
- Ef lögheimili verður flutt af heimili, sem hefur fengið tengingu án endurgjalds, innan 5 ára verður forráðamaður að greiða tengigjaldið.
- Sveitarfélagið leggur ljósleiðara um sveitina sem flestir geta tengst.
- Sumarhús sem eru mikið úr leið verður að leysa með öðrum hætti en lagningu ljósleiðara.
- Verktaki á vegum sveitarfélagsins kemur með ljósleiðarann 50 m frá vegg á húsi og skilur eftir hönk sem dugir inn fyrir vegg.
- Míla kemur með portið sem kemur á ljósleiðarann fyrir innan vegg húseiganda að kostnaðarlausu.
- Innanhúslagnir eru á ábyrgð húseiganda.
- Húseigandi semur við internet fyrirtæki um að veita sér bæði internet þjónustu, símaþjónustu og sjónvarpsþjónustu.
- Innheimt verður línugjald mánaðarlega samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins sem samþykkt var 14. janúar 2016, í upphafi 2.800,- að viðbættum vsk. Binditími í 5 ár.

Samþykkt á hreppsnefndarfundi 31.8.2015

Breytt á hreppsnefndarfundi 24. september 2015.

Breytt á fundi 17. desember 2015

Breytt á fundi 14. Janúar 2016